

6. nóv. 2018.

Fundur hjá stjórn Foreldrafélags Réttarholtsskóla.

Mættir: Jóhann Gunnar, Erla, Brynja, Björk, Arna, Áslaug, Ingunn, Gunnhildur Lilja, Þórdís, Íris, Andrea, Gígja, Inga, Ingunn Mary og Ívar.

1. Ívar í Bústöðum kom og ræddi við stjórnina. Rætt um hvernig hægt sé að auka samstarf milli foreldra og Bústaða. Ívar talar um að bæta samtalið á milli aðila, t.d. með því að það komi starfsmaður frá Bústöðum reglulega á fundi hjá stjórn Foreldrafélags Réttarholtsskóla. Foreldrar fá póst u.þ.b. mánaðarlega um það sem er á dagskrá í Bústöðum. Einnig rætt um að heimasíður Bústaða og Réttarholtsskóla séu að verða betri og hægt sé að nýta þær betur til að upplýsa um viðburði. Einnig að foreldrar hafi samband beint við Bústaði. Það eru sjö starfsmenn á kvöldvakt og það eru venjulega um 40-60 börn að mæta.

Til að efla foreldrasamskipti var rætt um foreldrarölt. Ívar telur mikilvægt að foreldrarölt sé í gangi á föstudögum og laugardögum og þegar böll eru. Sérstaklega er það mikilvægt þegar fer að vora, núna er kalt og þegar starfsmenn Bústaða hafa farið hring um hverfið undanfarið, á kvöldin, hafa fáir verið á ferli. Rætt um að mikilvægt sé að börn séu ekki í eftirlitslausum partýum. Einnig rætt um hættur sem felast í því þegar börn eru ein heima í rólegheitum og það fréttist á samfélagsmiðlum.

Ákveðið að stjórn Foreldrafélagsins taki saman punkta sem eins konar sáttmála fyrir foreldrahópinn í Réttarholtsskóla um málefni sem varða alla svo sem útivist, foreldralaus partý og að varast samskiptamiðla ef þau eru ein heima. Inga og Áslaug tóku að sér að vinna drög sem rædd verða á næsta fundi, Björk bauðst til að rýna.

Núna verður Fimmu ballið, Sexu ball, þar sem félagsmiðstöðvarnar sem koma að ballinu verða 6, en félagsmiðstöðin Askja hefur bæst í hópinn. Fram kom að nemendur hafa áhyggjur af því hvernig framkoma nemenda verður við börnin sem koma frá Öskju. Starfsfólk skilur þessar áhyggjur. Rætt um að mikilvægt sé að ræða góð samskipti við börnin. Einnig kom fram að börnin frá Öskju koma með góðan stuðning. Inga sagði frá fundi hjá skólaráði. Meðal annars kom fram að skólareglur með skólasamfélaginu verða endurskoðaðar eftir áramót. Fundargerð frá skólaráði kemur inn á heimasíðu Réttarholtsskóla.

2. Spilakvöld. Í stað örnámskeið hefur komið fram sú hugmynd að gott gæti verið að hafa spilakvöld. Ákveðið að stefna að spilakvöldi í janúar.

3. Jólaglaðningur. Formenn kaupa ostakörfu fyrir starfsfólk Réttarholtsskóla í desember.

4. Annað. Óskað hefur verið eftir því að fundartími verði færður og var ákveðið að halda könnun á fb síðu stjórnar og kosið um fundardag. Rætt um átakið hjá Stígámótum og rætt um hvernig sé hægt að fræða börnin og styðja við foreldra í þeirri umræðu. Mögulega fá fræðslu fyrir nemendur og foreldra. Ákveðið að ræða það nánar í desember.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18.30

Ritari: Brynja Ólafsdóttir.